# FUNDARGERÐ

**1. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , föstudaginn 30. janúar 2015 og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Farið var yfir þá samninga sem eru í gildi milli sveitarfélaganna. Um er að ræða eftirtalið:

   1.1. Samþykkt fyrir menningarmiðstöð á Laugalandi og samþykkt fyrir rekstur sameiginlegra stofnana og eigna Rangárþings ytra og Ásahrepps á Laugalandi.
   Hér vantar að finna eldri skjöl frá stofnun skólans. Fá þarf sameiginlega endurskoðendur sveitarfélaganna (KPMG) í greiningarvinnu. ÁS falið að hafa samband við KPMG.

   1.2 Samningur um tilhögun stjórnsýslu Holtamannaafréttar.
   Hér virðast vera möguleikar til að einfalda hlutina, fjallskilanefnd og sú nefnd sem tilgreind er í þessu plaggi gætu verið ein og sama nefndin þannig að þegar fjallskilamál eru til umfjöllunar þá kæmu fleiri til skjalanna.

   1.3 Samningur vegna Dvalarheimilis á Lundi.
   Kanna þarf með skjöl hjá forstöðumanni Lundar, hvort séu til einhver nýrri gögn en frá 1974. ÁS falið að hafa samband við forstöðumann.

   1.4 Samþykktir fyrir Byggðasamlagið Húsakynni.
   Þarf að ákveða með framtíð, fara ofan í fjárhag o.þ.h. skerpa á því hvaða eignir og hverskonar eigi að vera í eigu félagsins. Eignarhlutur sveitarfélaganna er í hlutfalli við íbúafjölda.

   1.5 Stofnsamningur um sameiginlegan rekstur vatnsveitu: Tiltölulega nýyfirfarinn samningur, frá 2006. Hins vegar er komið að verulegu átaki í viðhaldi á vatnsveitunni sem huga þarf að. Viðhaldsáætlun þarf að vinna og eins að huga að mælavæðingu.

   1.6 Gámastöð við Landvegamót.
   Hér er ekki að finna sérstaka samþykkt svo vitað sé.

2. **1501066 - Verkáætlun viðræðunefndar**

Rætt var um skipulag verkefnisins. Sett var upp eftirfarandi áætlun um verklag og fundadaga:

2.1 Kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu nefndarinnar verður skipt í hlutföllunum 1/3 Ásahreppur og 2/3 Rangárþing ytra.

2.2 Ákveðið að ÁS starfi sem formaður nefndarinnar, boði til funda, sendi út gögn og riti fundargerð.

2.3 Áætlað að funda á þriðjudagsmorgnum kl. 8:30, næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 17. febrúar (Sprengidagur) í Miðjunni. Á næsta fund þar á eftir, 24 febrúar, verði forstöðumenn sameiginlegra verkefna boðaðir til viðtals.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.** 11:30

# FUNDARGERÐ

**2. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps**
**haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 18. febrúar 2015**
**og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Einnig sátu fundinn Einar Sveinbjörnsson og Auðunn Guðjónsson frá KPMG og Bjarni Jón Matthíasson forstöðumaður Eignaumsjónar Rangárþings ytra.

**Dagskrá:**

1. **1502066 - Greining á samstarfi Á og Ry - KPMG**

   Fara þarf yfir þann ramma sem nýju sveitarstjórnarlögin, nr. 138/2011, setja samstarfsverkefnum sveitarfélaganna. Ákvæði eru í IX. kafla sem fjallar um samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna.

   Ákveðið að fá KPMG til að fara yfir þetta ásamt því að benda á mögulegar leiðir þar sem breytinga er þörf. Einnig að gefa mat á bestu leið til þess að gera bókhald, áætlanir, ársreikningagerð og endurskoðun eins skilvirkt, skýrt og hagkvæmt eins og frekast er kostur í hverju og einu samstarfsverkefna sveitarfélaganna. Óskað er eftir að fá upp kostnað við þessa vinnu og hver tímamörk eru.

2. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Farið yfir rekstur þeirra verkefna sem snúa að Eignaumsjón.

3. **1501066 - Verkáætlun viðræðunefndar**

   Ákveðið að funda næst þriðjudaginn 24. febrúar kl 8:30 á Laugalandi og ræða þar við forstöðumenn skólanna.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.**

# FUNDARGERÐ

**3. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps
haldinn á Laugalandi , þriðjudaginn 24. febrúar 2015
og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Á fundinn mættu einnig Sigurjón Bjarnason og Sigrún B Benediktsdóttir.

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Rætt við Sigurjón Bjarnason skólastjóra grunnskólans og Sigrúnu B. Benediktsdóttur leikskólastjóra. Farið yfir ýmiss rekstrarmálefni.

2. **1501066 - Verkáætlun viðræðunefndar**

   Ákveðið að funda næst þann 3 mars n.k kl 8:30 á Lundi. ÁS falið að óska eftir að stjórnarformaður og hjúkrunarforstjóri mæti til fundar við nefndina. Vikuna þar á eftir verði stefnt á að funda með stjórnarformanni og framkv.stjóra Húsakynna bs.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.**

# FUNDARGERÐ

**4. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps**
**haldinn Lundi , þriðjudaginn 3. mars 2015**
**og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson og Nanna Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Fundinn sátu einnig Drífa Hjartardóttir stjórnarformaður Lundar og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir hjúkrunarforstjóri. Egill Sigurðsson var forfallaður.

**Dagskrá:**

1. **1502004F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 3**

   Fundargerðin staðfest og undirrituð

2. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Farið var yfir rekstur á Lundi. Fyrir liggur að endurskoða þarf samþykkir fyrir Lund þar sem breytingar hafa orðið frá því starfsemin hófst. Stjórn Lundar mun fjalla um samþykktirnar og koma tillögu að endurskoðuðum samþykktum til viðræðunefndarinnar sem fyrst.

3. **1501066 - Verkáætlun viðræðunefndar**

   Næst verður fundað í viðræðunefnd n.k. þriðjudag 10 mars kl 8:30 í fundarsal Miðjunnar. Á þann fund hafa verið boðaðir Ingvar Pétur Guðbjörnsson stjórnarformaður Húsakynna og Guðmundur Einarsson frá Fannberg. Áætlanir viðræðunefndar eru að ganga frá drögum að rammasamningi og áfangaskýrslu um útfærslu einstakra samstarfsverkefna fyrir páska.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.**

# FUNDARGERÐ

**5. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 10. mars 2015 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Ingvar Pétur Guðbjörnsson stjórnarformaður Húsakynna bs var með á símalínu undir lið 1 og einnig Guðmundur Einarsson í Fannberg.

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   IPG og GE fóru yfir rekstur Húsakynna bs. Þær eignir sem boðnar hafa verið til sölu að undanförnu hafa selst. Rætt um kosti og galla þess að færa fleiri eignir inn í byggðasamlagið. Jafnfram þyrfti að meta hvernig uppgjör liti út ef byggðasamlaginu yrði slitið. Talið frekar líklegt að einhver afgangur yrði. Mikilvægt að skoða þetta í samráði við KPMG.

2. **1503019 - Rammasamningur Ásahrepps og Rangárþings ytra**

   Farið var yfir frumdrög að rammasamningi sveitarfélaganna. Nefndarmenn munu vinna áfram í drögunum í samræmi við umræður á fundinum.

3. **1501066 - Verkáætlun viðræðunefndar**

   Stefnt er að næsta fundi föstudaginn 13. mars kl 8:30 í Miðjunni. ÁS falið að kanna stöðu hjá KPMG varðandi minnisblað.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.**

# FUNDARGERÐ

**6. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , föstudaginn 13. mars 2015 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Elín Grétarsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

**Dagskrá:**

1. **1503002F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 5**
   Fundargerðin er staðfest samhljóða

2. **1503019 - Rammasamningur Ásahrepps og Rangárþings ytra**
   Farið yfir og unnið í drögum að Rammasamningi.

3. **1503048 - Áfangaskýrsla um útfærslu verkefna**
   Unnið í fyrstu drögum.

4. **1501066 - Verkáætlun viðræðunefndar**
   Áætlað er að funda næst þann 23 mars. kl 8:30 í Miðjunni. Á þeim fundi er reiknað með að fá inn fulltrúa KPMG.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.** 11

# FUNDARGERÐ

**7. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 23. mars 2015 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

**Dagskrá:**

1. **1503019 - Rammasamningur Ásahrepps og Rangárþings ytra**
   Málin rædd áfram

2. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**
   Málin rædd áfram

3. **1503048 - Áfangaskýrsla um útfærslu verkefna**
   Málin rædd áfram

4. **1503058 - Réttarnes - samningar og uppdrættir**
   Skógræktin er með stærstan hluta landsins á leigu til 75 ára frá árinu 1991. Brýnt væri að halda við réttunum sem hljóta að teljast miklar menningarminjar. Svæðið býður upp á mikla möguleika til útivistar en jörðin í heild er um 470 ha.Eignarhlutur Rangárþings ytra er 94,32% og Ásahrepps 5,68%.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.**

# FUNDARGERÐ

**8. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , föstudaginn 27. mars 2015 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Einnig sat fundinn Sesselja Árnadóttir (SÁ) lögfræðingur.

**Dagskrá:**

1. **1503019 - Rammasamningur Ásahrepps og Rangárþings ytra**

   SÁ rakti þær breytingar sem urðu við endurskoðun sveitarstjórnarlaga árið 2011 hvað varðar samstarf sveitarfélaga. Farið var yfir öll samstarfsverkefnin m.t.t. þess lagaramma sem settur er og rætt um mismunandi útfærslur í leiðandi sveitarfélagi og/eða byggðasamlögum.

2. **1503048 - Áfangaskýrsla um útfærslu verkefna**

   Unnið áfram í drögunum. Ákveðið að hittast á fundi n.k. mánudag 30.3 kl. 15:00 og stefna þá að því að ganga frá áfangaskýrslu til kynningar fyrir sveitarstjórnum. Rætt um mikilvægi þess að halda sameiginlegan opinn íbúafund sem fyrst þar sem málin yrðu kynnt og rædd.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15.**

# FUNDARGERÐ

**9. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 30. mars 2015 og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

**Dagskrá:**

1. **1503019 - Rammasamningur Ásahrepps og Rangárþings ytra**
   Unnið í rammasamkomulaginu.

2. **1503048 - Áfangaskýrsla um útfærslu verkefna**
   Unnið í skýrslunni og málin rædd áfram. Ákveðið að óska eftir fundi með sveitarstjórnum sameiginlega sem allra fyrst eftir páska þannig að hægt sé að taka afstöðu um framhaldið á næsta sveitarstjórnarfundi beggja sveitarfélaga. Ákveðið að leggja til að haldinn verði sameiginlegur opinn íbúafundur laugardaginn 9 maí 11:00-14:00. ÁS falið að leita eftir því að Einar Sveinbjörnsson og Sesselja Árnadóttir frá KPMG geti verið á þeim fundi. Ákveðið að hittast næst þriðjudag 7.4 kl 9:00.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.**

# FUNDARGERÐ

**10. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 7. apríl 2015 og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

**Dagskrá:**

1. **1503048 - Áfangaskýrsla um útfærslu verkefna**

   Unnið við skýrsludrögin. Ákveðið að leita eftir sameiginlegum fundi beggja sveitarstjórna mánudaginn 13 apríl nk. kl 15:00. Sveitarstjórum falið að hafa samband við sveitarstjórnarfólk. Á þessum fundi yrði áfangaskýrslan og staða mála hjá nefndinni kynnt. Næsti fundur viðræðunefndar ákveðinn fimmtudaginn 9 apríl nk kl 15:00.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15.**

# FUNDARGERÐ

**11. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , fimmtudaginn 9. apríl 2015 og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

**Dagskrá:**

1. **1503009F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 9**
   Fundargerðin samþykkt og undirrituð.

2. **1504002F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 10**
   Fundargerðin samþykkt og undirrituð.

3. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**
   Farið var yfir gögn um jörðina Nefsholt II og land Laugalandsskóla. Ljóst er að Laugalandsskóli á 3 ha. lands úr landi Nefsholts II sem er að öðru leyti í eigu Rangárþings ytra.

4. **1503048 - Áfangaskýrsla um útfærslu verkefna**
   Lokið við áfangaskýrslu sem verður nú kynnt sveitarstjórnum beggja sveitarfélaga ásamt neðangreindum tillögum:

   Viðræðunefndin leggur til að haldinn verði sameiginlegur opinn íbúafundur þar sem fram færi kynning á vinnu viðræðunefndarinnar og umræður um útfærslu verkefna. Einnig gæfist þar kostur á að svara þeim spurningum sem helst brenna á íbúum varðandi framtíðarfyrirkomulag hinna sameiginlegu verkefna. Lagt er til að þessi fundur verði haldinn laugardaginn 9 maí n.k. kl 11:00-14:00 í Íþróttamiðstöðinni á Laugalandi. Auk fulltrúa úr viðræðunefndinni verði sérfræðingar KPMG á sviði endurskoðunar og sveitarstjórnarlaga með framsögu.

   Jafnframt er lagt til að nefndinni verði falið að starfa áfram. Í næsta áfanga verði farið nákvæmar ofan í kostnað við mismunandi útfærslur auk frekari greininga (t.d. SVÓT). Jafnframt telur nefndin mikilvægt á þessum tímapunkti að kalla að verkinu sérstakan verkefnastjóra. Nefndinni verði falið að tilnefna verkefnisstjóra til verksins og leggja fram kostnaðaráætlun

á næsta fundi sveitarstjórnanna. Niðurstöður þessa áfanga skulu liggja fyrir í lok júnímánaðar 2015.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.**

# FUNDARGERÐ

**12. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn á Laugalandi , fimmtudaginn 30. apríl 2015 og hófst hann kl. 10:30.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

**Dagskrá:**

1. **1505009 - Sameiginlegur opinn íbúafundur**

   Unnið að undirbúningi sameiginlegs opins íbúafundar á Laugalandi þann 9 maí. Sett saman dagskrá, gerðar tillögur að starfsmönnum fundarins og samdar auglýsingar fyrir heimasíður og Búkollu.

2. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Rætt um mögulega kosti í því að ráða verkefnisstjóra að áfanga 2. Verður áfram unnið fram að næsta fundi sem áætlaður er þann 5 maí n.k.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30.**

# FUNDARGERÐ

**13. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 5. maí 2015 og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Einnig sat fundinn Daníel Gunnarsson ráðgjafi.

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Til fundarins kom Daníel Gunnarsson ráðgjafi. Rætt um vinnulag og kostnað við áfanga 2. Sameiginlegt mat er að gera megi ráð fyrir að kostnaður geti orðið nálægt 1 m kr + vsk miðað við verktakasamning.

   Ákveðið að sveitarstjórar boði sveitarstjórnir til samráðsfundar strax að íbúafundi loknum kl. 14:00 á laugardag 9. maí. Þar verði farið yfir stöðu verkefnisins og næstu skref.

2. **1505002F - Viðræðunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 12**

   Fundargerðin staðfest með undirritun

Fundargerð yfirlesin og samþykkt

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:15.**

# FUNDARGERÐ

**14. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 2. júní 2015 og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**
Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Þorgils Torfi Jónsson hafði boðað forföll. Reynir Daníel Gunnarsson sat fundinn.

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   DG mætti til fundar og greindi frá sínu starfi fram til þessa. Hann hefur einbeitt sér að skólamálum og málefnum íþróttamiðstöðva þessa fyrstu daga. Hann hefur átt samræður við forstöðufólk viðkomandi stofnana. Mikilvægt er að leggja línur varðandi forgangsröðun verkefna og hvernig eigi að standa að áframhaldandi greiningu. Nauðsynlegt er að samráðsnefndin hittist og fari yfir stöðu mála og ná þar niðurstöðu um verklag. ÁS/NJ falið að kanna hvort hægt sé að koma á slíkum fundi kl 13:00 þann 10/6 n.k. DG mun mæta á fund fræðslunefndar í vikunni og greina stuttlega frá vinnunni en á þeim fundi á m.a. að ræða skólastefnu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:35.**

# FUNDARGERÐ

**15. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , föstudaginn 26. júní 2015 og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Einnig sat fundinn Daníel Gunnarsson verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   DG fór yfir stöðu mála í verkefninu. Hann hefur fyrst og fremst unnið í fræðslumálum, málefnum Lundar og Holtamannaafréttar. Fundir hafa verið haldnir með fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, lögfræðingum Sambands Íslenskra Sveitarfélaga, stjórnendum skólanna og sveitarstjórnarfólki. Alls hefur verkefnastjóri skráð liðlega 60 tíma á verkefnið fram til þessa.

2. **1506038 - Eitt byggðasamlag um fræðslumál - greiningarvinna**

   DG kynnti niðurstöður frá greiningarfundi fræðslunefndar. Ákveðið að óska eftir áframhaldandi umboði, út september n.k., til að vinna að verkefninu frá sveitarstjórnum Rangárþings ytra og Ásahrepps. Verkefnisstjóri muni þá vinna með sveitarstjórunum að því að móta tillögur að samþykktum fyrir mögulegt eitt deildaskipt byggðasamlag um fræðslumál og jafnframt að vinna áfram tillögur að sameiginlegri skólastefnu fyrir sveitarfélögin.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:55.**

# FUNDARGERÐ

**16. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 25. ágúst 2015 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Reynir Daníel Gunnarsson verkefnisstjóri sat einnig fundinn.

**Dagskrá:**

1. **1506038 - Eitt byggðasamlag um fræðslumál**

   RDG kynnti drög að samþykktum fyrir eitt deildskipt byggðasamlag í fræðslumálum. Næstu skref eru að kynna drögin fyrir sveitarstjórnum, fræðslunefnd og skólastjórnendum.

2. **1508043 - Samþykktir fyrir Lundur byggðasamlag**

   RDG kynnti drög að samþykktum fyrir Lund bs og einnig drög að skipulagsskrá fyrir gjafasjóð Lundar. Næstu skref eru að kynna drögin fyrir sveitarstjórnunum og stjórn Lundar.

3. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Lagður var fram listi með þeim þjónustusamningum sem ganga þarf frá milli sveitarfélaganna um einstök verkefni. Sveitarstjórarar munu vinna tillögur að þessum samningum og leggja fyrir næsta fund. Í framhaldi yrðu tillögurnar kynntar fyrir stjórnum viðkomandi byggðasamlaga.

   Samþykkt að óska eftir fundi í samráðsnefnd þriðjudaginn 1. september kl. 17:00.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10.**

# FUNDARGERÐ

**17. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , föstudaginn 4. september 2015 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

Kynning og umræður fóru fram í vikunni í stjórn Lundar og í fræðslunefnd. Drög að samþykktum fyrir byggðasamlög um Lund og fræðslumál fengu góðar viðtökur á báðum stöðum.

Farið var yfir tímaplön næstu skrefa í verkefninu.

Tillaga að næstu skrefum:

Í september þarf að vinna með endurskoðun samþykkta fyrir Vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra bs og Húsakynni bs og hitta stjórnir þeirra. Í september þarf einnig að halda kynningu fyrir starfsfólki viðkomandi stofnana.

Í október þarf að gera ráð fyrir íbúafundum í báðum sveitarfélögum með kynningum á öllum verkefnum.

Í október þarf síðan að boða til fundar í samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps þar sem endurskoðaðir og nýir samningar eru teknir til afgreiðslu.

Í nóvember kemur málið síðan fyrir sitthvora sveitarstjórnina til staðfestingar og afgreiðslu. Jafnframt þarf að undirbúa uppfærslu á samþykktum sveitarfélaganna sem kæmu til fyrri og seinni umræðu samhliða fjárhasáætlunum næsta árs í nóvember og desember.

Lokaskrefið er síðan í desember með formlegri undirritun samninga.

Viðræðunefnd óskar eftir því að fá áframhaldandi umboð til næstu áramóta.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.**

# FUNDARGERÐ

**18. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 30. september 2015 og hófst hann kl. 9:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Reynir Daníel Gunnarsson sat einnig fundinn.

**Dagskrá:**

1. **1503019 - Rammasamkomulag Ásahrepps og Rangárþings ytra**
   Farið yfir drög að Rammasamkomulagi sem teljast nú vera komin í nær endanlegt form

2. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**
   Unnið í samþykktum byggðasamlaga um Vatnsveitu og Fræðslumál.

3. **1501066 - Verkáætlun viðræðunefndar**
   Frestað til næsta fundar

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.**

# FUNDARGERÐ

**19. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , fimmtudaginn 1. október 2015 og hófst hann kl. 9:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Reynir Daníel Gunnarsson og Klara Viðarsdóttir sátu einnig fundinn.

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**
   Unnið í samþykktum Byggðasamlaga um Lund og Fræðslumál sem nú eru mjög langt komnar.

2. **1501066 - Verkáætlun viðræðunefndar**
   Ákveðið að undirbúa fundi með starfsfólki viðkomandi stofnana og kynna samþykktirnar og annað sem tengist endurskoðun samninga sveitarfélaganna. Stefnt á næstu viku. Sveitarstjórar setji sig í samband við forstöðumenn og skipuleggi slíka fundi.

   Jafnframt ákveðið að undirbúa íbúafundi 31. október þar sem færi fram heildarkynning.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30.**

# FUNDARGERÐ

**20. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 6. október 2015 og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Fundinn sat einnig Klara Viðarsdóttir aðalbókari Rangárþings ytra.

**Dagskrá:**

1. **1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

   Unnið í endurskoðun á samþykktum fyrir Húsakynni bs. Jafnframt farið yfir texta þjónustusamninga.

   Öll skjöl eru nú komin á það form að næsta skref er yfirlestur lögfræðings og verður óskað eftir aðstoð Sesselju Árnadóttur við þau verk. Jafnframt hefur verið óskað eftir því við Auðunn Guðmundsson endurskoðanda að yfirfara kostnaðarskiptingu og gera tillögur að endanlegri útfærslu í þeim efnum.

   Boðað hefur verið til kynningarfunda með starfsfólki allra fjögurra skólanna síðar í dag. Fulltrúar í viðræðunefnd munu mæta til þeirra funda ásamt Reyni Daníel Gunnarssyni verkefnisstjóra.

   Boðað verður til næsta fundar í nefndinni þegar skjöl hafa borist úr yfirlestri.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.**

# FUNDARGERÐ

**21. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 27. október 2015 og hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**
Þorgils Torfi Jónsson, Yngvi Karl Jónsson, Ágúst Sigurðsson og Nanna Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, .

Egill Sigurðsson var forfallaður. Sesselja Árnadóttir lögfræðingur var þátttakandi í fundinum í gegnum síma í lið 1. Reynir Daníel Gunnarsson verkefnisstjóri sat einnig fundinn.

**Dagskrá:**

**1. 1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

Farið var í gegnum þau atriði sem útaf standa hvað varðar texta um samþykktir byggðasamlaganna nú eftir að Sesselja Árnadóttir lögfræðingur hefur lesið þá yfir. Sveitarstjórum falið að ganga frá tillögum um texta byggðasamlaganna og rammasamkomulags í samræmi við umræður á fundinum.

Ákveðið að leggja til að haldinn verði sameiginlegur íbúafundur á laugardaginn kemur þann 31. október í Menningarhúsinu á Hellu.

**2. 1510047 - Umræður og fyrirspurnir um stefnu sveitarstjórnar í skólamálum 14102015**

Eftirfarandi umræðupunktum var vísað til viðræðunefndarinnar:

1. Hver er ætlaður fjárhagslegur ávinningur RY að sameiginlegu byggðasamlagi með Ásahrepp um leik- og grunnskóla?

2. Hver er ætlaður faglegur ávinningur nemenda Rangárþings ytra að sameiginlegu byggðasamlagi með Ásahrepp um leik- og grunnskóla?

3. Hver er ætlaður félagslegur ávinningur nemenda Rangárþings ytra að sameiginlegu byggðasamlagi með Ásahrepp um leik- og grunnskóla?

Umfjöllun viðræðunefndar:
Í starfi viðræðunefndarinnar hefur það verið haft að leiðarljósi að mögulegur fjárhagslegur ávinningur af breyttu fyrirkomulagi myndi fyrst og fremst verða nýttur til eflingar fræðslustarfsins. Allar líkur er til þess að kostnaður við utanumhald, bókhald og endurskoðun muni minnka en erfitt er að greina nákvæmlega annan sparnað á þessu stigi. Tíminn verður að leiða það betur í ljós.

Með stofnun byggðasamlags um rekstur leik- og grunnskóla er ætlunin að skapist aukin fagleg umræða um skólaþróun í sveitarfélaginu og stefnumótun í skólamálum í öllum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Í nýjum aðalnámskrám leik- og grunnskóla eru boðaðar veigamiklar breytingar bæði hvað varðar innra starf og námsmat. Þessar breytingar kalla á mikla faglega umræðu og skýra sameiginlega sýn þeirra sérfræðinga í sveitarfélaginu sem bera ábyrgð á að framfylgja breyttri hugmyndafræði. Því er mikilvægt að allir sérfræðingar sem annast uppeldi og menntun barna og ungmenna í sveitarfélaginu líti á það sem sitt sameiginlega verkefni að vinna að þessum breytingum með hagsmuni nemenda í huga.
Gert er ráð fyrir að foreldrar hafi mögulegt val um leik- og grunnskóla innan sveitarfélagsins. Í þeim efnum er eingöngu horft til hagsmuna barna og ungmenna.

Börn og ungmenni í Rangárþingi ytra eru í tveimur leikskólum og tveimur grunnskólum. Hvað varðar grunnskólanemendur getur aukin samræming og samvinna leitt til meiri fjölbreytni í félags- og íþróttastarfi og skapað svigrúm til samveru og samvinnu í tómstundum barna og ungmenna. Vel má hugsa sér tengingu við íþróttafélögin og tenginu skólaaksturs við íþrótta- og tómstundastarf. Í fjölmennari hópum eru auknar líkur á að hver einstaklingur finni sér félaga og vin og auki þar með lífsgæði sín.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:10.**